

AUGLÝSING

um gjald til Almanakssjóðs.

Með skírskotun til 6. gr. laga nr. 25/1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 16/1922, hefur verið ákveðið, að gjald það, er greiða skal í Almanakssjóð fyrir hvert almanak, sem gefið er út eða flutt inn með sérstöku leyfi samkvæmt téðu lagaákvæði, skuli frá 1. janúar 1984 og þar til öðruvísi verður ákveðið vera 1,00 kr. fyrir hvert eintak.

Menntamálaráðuneytið, 13. desember 1983.

Ragnhildur Helgadóttir.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 57 12. apríl 1960 um ökukennslu, próf ökumanna o. fl.

1. gr.

F-liður 12. gr. falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1984.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. desember 1983.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.